


Leiðarvísir

9960



SINGER

LEIÐARVÍSIR

Þessi saumavél er eingöngu til heimilisnota.

Látið börn eða veikburða aðila ekki sauma á vélina nema undir eftirliti.

ÁRÍÐANDI ÖRYGGISATRIÐI

Þegar verið er að nota vélina verður ávallt að hafa grundvallar öryggisatriði í huga, þar á meðal eftirfarandi:

Lesið allar leiðbeiningar áður en þið byrjið að nota vélina.



HÆTTA - Til að minnka hættu á raflostri:

Farið aldrei frá vélinni tengdri við rafmagn. Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar þið hættið að sauma eða eruð að vinna að viðhaldi.



AÐVÖRUN - Til að minnka hættu á bruna, eldi, rafstuði eða hættu fyrir fólk:

1. Notið vélina aldrei sem leikfang. Athygli þarf ef verið er að nota vélina nálægt börnum.
2. Notið vélina aðeins í þeim tilgangi sem lýst er í þessum leiðbeiningum.
3. Notið vélina aldrei ef rafleiðslan er biluð, Alls ekki ef hún hefur dottið, orðið fyrir höggi eða vatnstjóni. Komið vélinni þá til næstu SINGER viðgerðarþjónustu til athugunar, viðgerðar og/eða stillinga.
4. Gætið þess að loftraufar vélarinnar séu alltaf óstíflaðar og hreinar og það sama á við um fótómótstöðuna. Hreinsið vélina reglulega að utan með hreinum og mjúkum klút.
5. Gætið þess að börn setji ekkert inn um raufarnar á vélinni.
6. Notið vélina aldrei utandyra.
7. Notið vélina aldrei þar sem verið er að úða efnum.
8. Slökkvið alltaf á aðalrofanum (á “O”), og takið vélina síðan úr sambandi við rafmagn.
9. Togið aldrei í rafleiðsluna, takið um tengilinn til að aftengja vélina.
10. Haldið fingrum frá hreyfanlegum hlutum, sérstaklega kringum nálar svæðið.
11. Notið eingöngu Singer varahluti og fylgihluti.
12. Notið aldrei bognar eða oddlausar nálar.
13. Togið ekki eða ytið á efnið sem verið er að sauma, það getur þrýst á nálina og brotið hana og jafnvel skemmt vélina.
14. Slökkvið alltaf á vélinni (rofi á “O”) þegar þið eruð að stilla eða hreinsa vélina, þræða nálina, skipta um nál, þræða spóluna eða skipta um saumfætur.
15. Farið varlega með fótómótstöðuna og gætið þess að missa hana ekki á gólfið og leggið aldrei farg ofan á hana.
16. Takið vélina aldrei upp nema á handfanginu.
17. Látið vélina ekki vera lengi í beinu sólarljósi. Notið hana ekki og geymið hana heldur ekki á mjög heitum eða rökum stöðum.

GEYMIÐ LEIÐARVÍSINN

Viðgerðir eiga aðeins að vera framkvæmdar af viðurkenndum viðgerðarmönnum SINGER er skráð vörumerki í eigu “The Singer Company Ltd”.

Umboðsaðili á Íslandi:

PFAFF HF GRENSÁSVEGI 13, 108 REYKJAVÍK
SÍMI 414-0400 WWW.PFAFF.IS

INNIHALD

ÁRÍÐANDI ÖRYGGISUPPLÝSINGAR	2	HVAR Á AÐ NOTA HVAÐA SPOR	48
VÉL 9960	8	BEINIR SAUMAR	50
FYRIR EVRÓPU	8	A. BEINT SPOR	50
HLUTIR VÉLARINNAR	10	B. BEINT SPOR MED HEFTINGU (SAUMAR NR. 3, 4)	50
FYLGIHLUTIR	12	ÞRÆÐISPOR	52
LOK YFIR VÉL	12	A. ÍSTOPPS / ÚTSAUMSFÓTURINN SETTUR Á	52
VINNUBORÐ	14	B. ÞRÆÐISPOR	52
A. FJARLÆGJA VINNUBORÐ	14	TEYGJANLEGIR SAUMAR	54
B. OPNA HÖLFID FYRIR FYLGIHLUTI	14	BÚTASAUMUR	54
SKIPT UM SAUMFÓT	14	A. BÚTARNIR SAUMADIR SAMAN	54
A. SKIPTA UM SAUMFÓT	14	B. BÚTASAUMUR	54
B. FJARLÆGJA FÓTHÖLDUNA	14	C. BÚTASAUMUR MED HANDAVINNUÚTLITI (NR. 8)	54
SKIPTA UM NÁL	16	ZIK ZAK SAUMAR	56
TAFLA YFIR EFNÍ, TVINNA OG NÁLAR	16	FJÖLBREPA ZIK ZAK	56
VÉLIN TENGDI VIÐ RAFMAGN	18	FRÍARMURINN	56
FÓTMÓTSTAÐAN	18	KASTSAUMAR / OVERLOCK	58
AÐGERÐARHNAPPAR	20	A. NOTA KASTSAUMSFÖTINN	58
A. START/STOP HNAPPUR	20	B. ALHLIDA SAUMFÓTURINN	58
B. AFTURÁBAK HNAPPUR	20	C. ATH:	58
C. NÁLIN UPPÍ-NIÐRI / SAUMAD HÆGT HNAPPUR	20	BLINDFALDUR	60
D. HRAÐASTILLINGAR HNAPPUR	20	BÚTASAUMUR	62
E. FÓTLYFTIR	20	APPLÍKERING	62
F. TVINNAKLIPPING	22	RENNILÁSAR	64
G. FLYTJARI ÚR SAMBANDI	22	RENILÁS Í MIÐJU	64
H. TVINNAHNÍFUR	22	RENNILÁS - HULINN	66
I. LOK OFAN Á VÉL	22	HNAPPAGÖT	68
J. HANDHJÓL	22	PASPEL HNAPPAGÖT	72
BREITT VINNUBORÐ	22	KÓSSAR	74
STJÓRNBORÐ	24	SJÁLFVIRKAR HEFTINGAR / ÍSTOPP	76
A. L.C.D. SKJÁR	24	TÖLUÁFESTING	78
B. L.C.D. BIRTUSTILLING	24	A. MED FÆTI	78
C. TAFLA YFIR SAUMA	24	MJÖR FALDUR	80
D. BEINVALSHNAPPAR FYRIR SAUMA	24	SNÚRUSAUMUR	80
E. NYTJASAUMS HNAPPAR	24	A. EIN SNÚRA	80
F. SKRAUTSAUMS OG STAFAR HNAPPAR	24	B. ÞRJÁR SNÚRUR	80
G. AÐGERÐARHNAPPAR	24	SAMHANGANDI SKRAUTSAUMAR	82
H. EDIT (BREYTINGA) HNAPPUR	24	A. ÞUNN EFNÍ	82
I. HREINSI HNAPPUR	26	FÓTUR FYRIR EFRI FLUTNING	82
J. SKRUN HNAPPAR	26	A. FÓTURINN SETTUR Á VÉLINA	82
K. CURSOR BUTTONS	26	B. SAUMAD	82
L. HEFTINGA HNAPPUR	26	ÍSTOPP / FRÍHENDIS ÚTSAUMUR	84
M. TVÍBURANÁLA HNAPPUR	26	A. ÍSTOPPS / ÚTSAUMSFÓTUR SETTUR Á VÉLINA	84
SLÖKKVA Á HLJÓÐMERKI	26	B. ÍSTOPP	84
SPÓLAN	28	C. FRÍHENDIS ÚTSAUMUR	84
A. SPÓLAN TEKIN ÚR VÉLINNI	28	D. EFTIR ÍSTOPP EÐA FRÍHENDIS ÚTSAUM	84
B. TVINNAKEFLID SETT Á KEFLISPINNANN	28	TVÍBURANÁLAR	86
C. SPÓLAD Á SPÓLUNA	28	SKRAUTSAUMAR OG BÓKSTAFIR	88
D. SPÓLAN SETT Í VÉLINA	30	A. VELJA SKRAUTSAUMA OG BÓKSTAFI (VAL AÐGERÐ)	88
VÉLIN ÞRÆDD	32	B. BREYTA BENDLINUM	88
A. UNDIRBÚNINGUR	32	C. ATHUGA VALIN ÚTSAUMSMYNSTUR	90
B. TVINNAKEFLI SETT Á KEFLISPINNANN	32	D. SETJA MYNSTUR INN Á MILLI	90
C. YFIRTVINNINN ÞRÆDDUR	32	E. EYÐA MYNSTRI	90
D. NÁLIN ÞRÆDD	34	F. BREYTA MYNSTRUM	92
E. UNDIRTVINNANUM NÁÐ UPP	34	G. KALLA FRAM VALIN MYNSTUR	94
BYRJAD AÐ SAUMA	36	H. SAUMA VALIN MYNSTUR	96
A. BYRJUN OG LOK SAUMS	36	I. SAUMA MYNSTUR FRÁ BYRJUN	96
B. AFTURÁBAK SAUMUR	38	TAFLA YFIR SKRAUTSAUMA OG STAFI	98
C. SJÁLFVIRK HEFTING	38	STILLA ÁFRAM OG AFTURÁBAK SPORIN	98
D. SNÚÐ Á HORNUM	40	VIÐHALD	100
E. ÞYKK EFNÍ SAUMUD	40	HREINSUN	100
F. SAUMAD YFIR ÞYKKA ÞVERSAUMA	40	SKILABOÐ Á SKJÁ	102
G. SAUMFAR	40	GAGNLEG RÁÐ	104
TVINNASPENNAN	42		
VAL Á NYTJASAUMUM	44		
A. BEINVAL Á SAUMUM	44		
B. VAL Á ÖÐRUM NYTJASAUMUM	44		
C. SPEGLUN / AFTURÁBAK SAUMUR	44		
D. LENGING Á MYNSTRUM	46		
E. SPORBREIDD OG SPORLENGD	46		

VÉL 9960

FORMÁLI

Við þökkum ykkur fyrir að hafa valið þessa gerð af saumavél.

Þessi vél er hönnuð fyrir heimilisnotkun og mun vonandi reynast ykkur vel við sauma á þunnum og þykkum efnum.

Þessi leiðarvísir á að verða uppflettirit fyrir ykkur í framtíðinni, en við biðjum ykkur samt að lesa allan leiðarvísinn áður en þið byrjið að sauma á vélina. Kynnið ykkur vélina með því að hafa vélina fyrir framan ykkur og fletta leiðarvísinum blaðsíðu fyrir blaðsíðu.

Til að tryggja að þið séuð ávallt með nýjustu tækni áskilur framleiðandi vélarinnar sér þann rétt að breyta útliti, hönnun eða fylgihlutum þegar hann telur það nauðsynlegt og það án fyrirvara eða skilyrða.

Höfundaréttur © 2010 THE SINGER COMPANY
Allur réttur áskilinn um allan heim.

FYRIR EVRÓPU:

Þessi vél er truflanavarin gagnvart útvarpi og sjónvarpi í samræmi við skilyrði alþjóðlegru raftækni nefdarinnar CISPR.







Aðeins EB



HLUTIR VÉLARINNAR



1. Handfang
2. Lok ofan á vél
3. Þrjáðgjafinn (innan í vél)
4. Lok
5. Hnappur fyrir tvinnaklippingu
6. Hnappur fyrir hraðastillingu
7. Hnappur: Nálin uppi - niðri / sauma hægt
8. Hnappur fyrir afturábak saum
9. Hnappur - Start/Stop
10. Framlengingarborð (fylgihlutir)
11. Fótlyfta
12. Stilliskrúfa fyrir áfram / afturábak (undir vélinni)
13. Fótstöð
14. Rafmagnsleiðsla
15. Handhjól
16. Aðalrofi
17. Tengill
18. Tengill fyrir fótstöð
19. Hnappur fyrir beinval á saumum
20. EDIT (breytinga) hnappur
21. Hnappur fyrir heftingar
22. Hnappur fyrir tvíburanál
23. Hnappur fyrir nytjasaum
24. Hnappur fyrir skrautsaum og bókstafi
25. Skjár (L.C.D.)
26. Aðgerðarhnappur (F1 - F5)
27. Hreinsihnappur
28. Skrunhnappur
29. Bendils hnappur
30. Tvinnaklippa
31. Armur fyrir hnappagöt
32. Armur fyrir nálarþræðara
33. Þræðari fyrir nál
34. Skrúfa fyrir saumfót
35. Halda fyrir saumfót
36. Saumfótur
37. Flytjari fyrir efni
38. Festiskrúfa fyrir nál
39. Stýring fyrir nálarvinna
40. Nálin
41. Læsing fyrir lok yfir spólu
42. Lok yfir spólu
43. Stingplata
44. Takki til að taka flytjara úr sambandi
45. Tafla yfir sauma
46. Tvinnastýring
47. Tvinnastýring
48. Tvinnastýring fyrir spólara
49. Stillir fyrir tvinnaspennu
50. Keflispinni
51. Filtskífa
52. Birtustilling fyrir skjá
53. Aukalegur keflispinni
54. Spindill á spólara
55. Stoppari fyrir spólara



Fylgihlut
(Sjá næst)

1. Nála
2. 4 sp
3. Spre
4. Burs
5. Auka
6. Skrú
7. Skrú
8. Skiffa
9. Lítil :
10. Jaðar
11. Fótu
12. Blinc
13. Reni
14. Rúllu
15. Tölu
16. Flats
17. Búta
18. Opin
19. Snúr
20. Bein
21. Ístoð
22. Fótu
23. Hna
24. Alhli

- Extra l
11)




LOK YFIR VÉL

Setjið lokið ávallt yfir vélin þegar vélin er ekki í notkun.

- a. Leiðarvísinn er hægt að geyma í hólfinu á lokinu, með því að opna hólfið fram á við.

Fjarlægjið EKKI "styrofoam" plastið sem er innan í lokinu.



FRAMLENGINGARBORÐ

a. FJARLÆGJA VINNUBORÐIÐ

Krækið fingri undir vinstra botnstykkið á vinnuborðinu og dragið það til vinstri. Þegar þið setjið það aftur á rennið þið því til hægri að vélinni.

b. OPNA HÓLFID MEÐ FYLGIHUTUM

Krækið fingri í vinstri hlið hólsins og togið það fram á við..

SKIPT UM SAUMFÓT

Þið skiptið um saumfót eftir því hvaða saum þið eruð að sauma.



ATHUGIÐ: Forðist slysin

Slökkvið á aðalrofanum þegar þið skiptið um saumfót.


A. Skipt um saumfót

1. Snúið handhjólinu fram á við þar til nálin er komin í efstu stöðu.
2. Lyftið fótlyftinum.
3. Fjarlægið saumfótið með því að ýta á losunartakkann fram á við.
4. Setjið nýja saumfótið undir fóthölduna að pinninn í fætinum sé beint fyrir neðan raufina í fóthöldunni.
5. Lækkið fóthölduna ofan á saumfótið og saumfóturinn smellur þá á fóthölduna.

B. Fóthaldan fjarlægð

Þegar þið setjið sérstaka fætur á vélina eða eruð að hreinsa vélina þarf að fjarlægja fóthölduna.

1. Fjarlægið saumfótið.
2. Losið skrufuna sem heldur fóthöldunni og fjarlægið fóthölduna.
3. Til að setja fóthölduna aftur á vélina ýtið þið henni eins hátt og hún kemst.
4. Herðið festiskrufuna.



NÁLIN SETT Í


Veljið rétta nál og grófleika fyrir það efni sem þið ætlið að sauma.



ATHUGIÐ: Forðist slysin

Slökkvið á vélinni þegar þið skiptið um nál.

1. Snúið handhjólina fram á við þar til nálin er í efstu stöðu
 2. Losið um skrúfuna sem heldur nálinni.
 3. Fjarlægið nálin.
 4. Setjið nýja nál í hölduna og látið flata kantinn snúa frá ykkur - ýtið nálinni eins hátt og hún kemst.
 5. Herðið á skrúfunni sem heldur nálinni.
- a. Notið aldrei bognar eða oddlausar nálar. Setjið nál á flatann flöt og athugið hvort hún sé bein.



TAFLA YFIR EFNI, TVINNA OG NÁLAR

Veljið grófleika af tvinna og nál í samræmi við efnið sem þið eruð að sauma.

Gerð af efni	Tvinnanúmer	Nál teg.	Nál númer
Þunn efni - þunnt georgette, silki, organdy, o.s.frv.	Baðmull 80 - 100 Silki 60 - 80 Gervi 80 - 100	2000 grár leggur	70 - 80
Meðalþykk efni - léreft, baðmull, satin, flauel, corduroy,	Baðmull 50 - 80 Silki 50 Gervi 50 - 80	2000 grár leggur	80 - 90
Grófari efni - gabardine, tweed, denim, corduroy	Baðm. 40 - 50 Silki 50 Gervi 50 - 60	2000 grár leggur	90 - 100
Teygjanleg efni - tvöf.prjón, tricot, spandex, jersey	Gervi 50 - 80 Silki 50 Polyester	2001 grænn leggur	80 - 90 Nál fyrir prjón og teygjanleg efni
Sundfatnaður, Prjón	Polyester	2001 grænn leggur	
Leður		2032 Leður	

VÉLIN TENGÐ VIÐ RAFMAGN


HÆTTA: Til að minnka hættuna á að fá raflost

Hafið ávallt eftirlit með vélinni á meðan hún er tengd við rafmagn. Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar þið hættið að sauma eða eruð að vinna við viðhald á vélinni.

ATHUGIÐ: Til að minnka hættuna á bruna, eldi, raflosti eða meiðslum

Togið aldrei í rafleiðsluna - takið um klóna og takið vélina úr sambandi við rafmagn.

1. Setjið vélina ávallt á stöðugan flöt.
2. Tengjið vélina við rafmagn með því að tengja rafleiðsluna við tengil.
3. Tengjið hinn endann á rafleiðslunni við vélina.
4. Kveikið á aðalrofanum.
5. Ljósíð kviknar á vélinni um leið og kveikt er á rofanum.
6. Til að slökkva á aðalrofanum færið þið hann á **O**, og takið svo leiðsluna úr vegg tenglinum.




FÓTMÓTSTAÐA

Með fótmótstöðunni stjórnið þið hraða vélarinnar. Þegar mótstaðan er tengd við vélina er start/stop hnappurinn gerður óvirkur en með honum er hægt að láta vélina sauma sjálfa (sjá nánar á bls. 10).

1. Slökkvið á aðalrofanum (setjið hann á **O**).
2. Setjið tengilinn úr fótmótstöðunni í tengilinn á vélinni.
3. Setjið fótmótstöðuna á gólfíð.
4. Kveikið á aðalrofanum.
5. Ljósíð á vélinni kviknar um leið og það er gert.
6. Því fastar sem stigið er á mótstöðuna, þeim mun hraðar saumar vélin. Þegar þið stigið af fótmótstöðunni stöðvast vélin.

ATHUGIÐ: Til að forða hættu af bruna, eldi, raflosti eða meiðslum

1. Slökkvið á aðalrofanum þegar þið tengið fótmótstöðuna við vélina.
2. Meðhöndlið fótmótstöðuna varlega og gætið þess að missa hana ekki á gólfíð. Setjið aldrei farg ofan á mótstöðuna.
3. Notið eingöngu fótmótstöðu eins og fylgir þessari vél. (Teg. 4C-337B)



ADGERÐARHNAPPAR

A. START / STOP HNAPPUR

Vélin byrjar að ganga þegar ýtt er á start/stop hnappinn og stöðvast ekki fyrr en ýtt er á hnappinn á ný. Vélin snýst hægt í byrjun.

SKJÁLJÓS

Grænt ljós "kveikt"

Tilbúin fyrir sauma eða spólun.

Rauðt ljós "kveikt"

Saumfóturinn er ekki niðri eða armur fyrir hnappagöt er ekki niðri.

Ef rauða ljósið er kveikt, fer vélin ekki í gang jafnvel þótt ýtt sé á start/stop hnappinn.

Ef yfirtvinninn er ekki þræddur, mun vélin stöðvast eftir nokkra snúninga. (Nemi fyrir yfirtvinnann)

Ath:

Þegar fótmótstaðan er tengd við vélinu þá er start/stop hnappurinn gerður óvirkur um leið.

B. HNAPPUR FYRIR AFTURÁBAK SAUM

Vélin heldur áfram að sauma afturábak á hægum hraða svo lengi sem hnappurinn er niðri og stöðvast svo þegar hnappnum er sleppt.

Ath:

Þegar fótmótstaðan er tengd, saumar vélin afturábak svo lengi sem haldið er við hnappinn. Þegar hnappnum er sleppt, saumar vélin áfram á ný.

C. NÁLIN UPPI/NÁLIN NIÐRI/SAUMAÐ HÆGT

Ef ýtt er á þennan hnapp þegar vélin er stopp, breytist nálarstaðan úr niðri í upp eða úr uppi í niður.

Á meðan saumað er, með því að ýta á hnappinn á meðan saumað er saumar vélin hægt. Með því að ýta á hnappinn á ný fer vélin á fullan hraða.

D. HNAPPUR FYRIR SAUMHRAÐA

Vélin saumar hraðar þegar stillinum er ýtt til hægri, og hægar þegar honum er ýtt til vinstri.


Ath:

Þegar fótmótstaðan er tengd, takmarkar þessi hnappur hámarkshraða vélarinnar.

E. FÓTLYFTA

Saumfætinu er lyft og hann settur niður með þessum armi.

Ath: Vélin fer ekki í gang ef fóturinn er í efri stöðu. (Nema til að spóla á spóluna)



F. HNAPPUR FYRIR TVINNAKLIPPU

Ýtið á þennan hnapp eftir að saum lýkur til að klippa bæði yfir og undirtvinnann. Vélina klippir báða tvinnana sjálfkrafa.

ATHUGIÐ

1. Ýtið ALDREI á þennan hnapp ef ekkert efni er undir fætinum og ekki nauðsyn að klippa tvinnana. Tvinnarnir geta flækst og jafnvel skemmt vélinna.
2. Notið EKKI þennan hnapp ef þið eruð með grófari tvinnna en 30, nylontvinnna eða aðra sérstaka tvinnna.
Í slíkum tilfellum notið þið tvinnahnífinn (H).

G. FLYTJARI TEKINN ÚR SAMBANDI

Flytjarinn kemur upp um stingplötuna beint fyrir neðan saumfótinn, og hann sér um að flytja efnið undan fætinum.

Fyrir almennan saumaskap á stillirinn að vera til hægri, og í flestum tilfellum á hann að vera þar. Fyrir ístopp, frihendis útsaum og töluáfestingu og í öllum tilfellum þar sem þið færið efnið með höndunum, færið þið stillinn til vinstri til að taka flytjarann úr sambandi.

H. TVINNAHNÍFUR

Notið þennan tvinnahníf þegar þið notið ekki tvinnaklippurnar.

1. Lyftið saumfætinum og togið efnið og tvinnana aftur undan saumfætinum.
2. Smeygið tvinnunum aftan frá og fram á við í tvinnahnífinn.
3. Togið í efnið og klippið tvinnana.

I. LOK OFAN Á VÉL

Til að opna lokið ofan á vélinni ýtið þið undir það hægra megin.





J. HANDHJÓL

Með því að snúa handhjólinu fer nálin ofan í og upp úr efninu. Snúið handhjólinu allt fram á við.

BREITT VINNUBORD

Ef þið þurfið breitt vinnuborð setjið þá breiða vinnuborðið á vélina eins og sýnt er á myndunum. Hafið vélina og breiða borðið ávallt á stöðugum fleti.

1. Fjarlægið framlengingarborðið (sjá bls.14)
2. Smellið fótunum á vinnuborðinu upp.
3. Rennið borðinu að vélinni frá vinstri til hægri.
4. Stillið hæðina á borðinu með því að skrúfa gúmmifæturna.



STJÓRNBOÐ

Þegar þið kveikið á vélinni kemur beint spor og upplýsingar um það á skjáinn.

A SKJÁR

Upplýsingar um sporið koma á skjáinn, og þessar upplýsingar breytast eftir því hvaða saum eða mynstur þið veljið.

B BIRTUSKIL Á SKJÁ

Birtuskilín á skjánum breytast þegar þið snúið þessum stilli.

C.TAFLA YFIR SAUMA

Tafla yfir sauma er innan á lokinu ofan á vélinni og allir saumar og öll mynstur í vélinni eru sýnd þar. Þeim er skipt upp í nytjasauma, skrautsauma og bókstafi.

D. BEINVALSHNAPPAR

Með því að ýta á þessa hnappa getið þið valið ákveðna sauma beint.

E. HNAPPAR FYRIR NYTJASAUMA

Með því að ýta á þennan hnapp getið þið valið nytjasaum.

SJÁ NÁÐAR UM STILLINGU OG NOTKUN Á NYTJASAUMUM Á BLS. 22.

F. HNAPPAR FYRIR SKRAUTSAUMA OG STAFI

Með því að ýta á þennan hnapp getið þið valið skrautsauma og bókstafi. Auðvelt er að blanda hinum ýmsu skrautsaumum saman.





SJÁ NÁÐAR UM STILLINGU OG NOTKUN Á SKRAUTSAUMUM OG BÓKSTÖFUM Á BLS. 44.

G. AÐGERÐAHNAPPAR

Aðgerðum þessara hnappa fer eftir því hvaða saumur eða mynstur er valið hverju sinni.

H. EDIT HNAPPUR (BREYTINGAR)

Þegar þið veljið skrautsaum eða bókstaf, getið þið breytt stillingum viðkomandi saums með því að ýta á þennan hnapp.



I. HREINSIHNAPPUR

NYTJASAUMAR

Ef þið breyttuð stillingum (speglun/afturábak, lengd á mynstri, sporbreidd, sporlengd og tvinnastillingu) á nytjsaumsmynstri, getið þið farið aftur á grunnstillingu með því að ýta á þennan hnapp.

SKRAUTSAUMAR OG BÓKSTAFIR

Með því að ýta á þennan hnapp, getið þið valið eitt sérstakt mynstur eða öll mynstrin í röðinni.

J. SKRUN HNAPPUR

Á meðan þið eruð að velja mynstur, getið þið skrunað um 5 mynstur upp eða niður með því að ýta á þessa hnappa.

K. BENDILS HNAPPUR

Þegar þið hafið valið skrautsauma eða bókstafi getið þið skoðað og breytt sameinuðum saumum með því að ýta á þessa hnappa.

L. HEFTINGA HNAPPUR

NYTJASAUMAR


Með því að ýta á þennan hnapp, getið þið saumað heftispor í byrjun og lok saumaraðarinnar (sjá nánar á bls. 19).

SKRAUTSAUMAR OG BÓKSTAFIR

Ef ýtt er á þennan hnapp í lok saumaraðar, mun vélin stöðvast sjálfkrafa í lok raðarinnar og hefta fyrir sauminn.

M. HNAPPUR FYRIR TVÍBURANÁL


Ef þið setjið tvíburanál í vélina, ýtið þið á þennan hnapp. Vélina minnkar þá sporbreiddina svo tvíburanálin brotni ekki. (SJÁ BLS.43)



SLÖKKT Á HLJÓÐMERKI

Þið getið unnið á vélina án þess að hún gefi frá sér hljóðmerki.

1. Slökkvið á vélinni.
2. Kveikið aftur á vélinni um leið og þið ýtið á EDIT hnappinn og F1 aðgerðarhnappinn.
3. Þessi aðgerð er virk þar til slökkt verður á vélinni aftur. Þessi aðgerð slekkur á einföldu hljóðmerkjunum en ekki fjöhljóða merkjunum.



SPÓLAN

A. SPÓLAN FJARLÆGD



1. Togið læsinguna fyrir spólulokið til hægri og fjarlægð lokið yfir spólunni.
2. Takið spóluna úr vélinni.

B. TVINNAKEFLI SETT Á KEFLISPINNA

1. Togið vinstri hluta keflispinnans upp á við og setjið tvinnakefli á pinnann þannig að tvinnarendinn renni fram á við.
2. Setjið skífu fyrir framan tvinnakeflið eins langt og hann kemst.
 - a: Snúið skífunni við eftir því hversu tvinnakeflið er stórt.
 - b. Notið minni skífuna þegar þið notið krossundinn tvinna og látið vera smávægilegt bil á milli skífunnar og keflisins eins og myndin sýnir.

C. SPÓLAÐ Á SPÓLUNA

1. Haldið um tvinnann með báðum höndum og smeygið honum í raufina við fremri opnunina.
2. Færið tvinnann aftan til á vélina og þræðið hann í tvinnastýringuna frá vinstri til hægri.
3. Haldið áfram til hægri og í gegn um tvinnastýringuna aftan frá. Þaðan svo rangsælis í spenniskífunar.
4. Þræðið síðan í gatið á spólunni - innan frá og út, og setjið spóluna á spólarann. Þrýstið spólunni til hægri til að tengja spólarann. Á skjánum sjáið þið þegar spólarinn er tilbúinn.
5. Haldið við tvinnendann og setjið vélina í gang annaðhvort með start/stop hnappnum eða með því að stíga á fótmótstöðuna..
6. Eftir nokkra snúninga stoppið þið og klippið á upphafstvinnann þétt upp við spóluna.
7. Setjið vélina aftur í gang.
8. Spólunin stöðvast sjálfkrafa þegar spólan er orðin full.
9. Ýtið spólarann til vinstri.
10. Takið spóluna af spólarann og klippið á tvinnann.



D. SPÓLAN SETT Í VÉLINA

1. Setjið spóluna í gríparann og gætið að því að tvinninn renni af spólunni rangsælis.

2. Dragið tvinnann í raufina (a) og haldið við spóluna um leið.

3. Togið tvinnann til vinstri meðfram innanverðri fjöðrinni (b) þar til hann smellur í raufina (c) en gætið þess að hann fari ekki úr raufinni (a).

4. Togið tvinnann ca 10 cm út úr spólunni. Setjið lokið yfir spóluna. Látið vinstra hakið renna í raufina á stingplötunni og þrýstið svo á hægri hliðina niður á við.svo það smelli á sinn stað.

ATH: Notið eingöngu Singer spólur.


D

1

2

3

4



VÉLIN ÞRÆDD

A. UNDIRBÚNINGUR FYRIR ÞRÆÐINGU



1. Lyftið saumfætinum.
2. Ýtið á hnappinn "nálin uppi-niðri" og setjið nálina í efstu stöðu.
(Haldið þessu þar til þræða á nálina.)

B. TVINNAKEFLI SETT Á KEFLISPINNA

1. Togið vinstri enda keflispinnann upp á við og setjið tvinnakefli á hann þannig að tvinninn renni af keflinu fram á við.
2. Setjið skífu fyrir framan tvinnakeflið og eins langt og þið komið henni.
a: Snúið skífunni í samræmi við stærð keflisins.
b. Notið litlu skífuna þegar þið notið kross undinn tvinna. Látið þá vera smábíl á milli skífunnar og keflisins eins og myndin sýnir.

C. YFIRTVINNINN ÞRÆDDUR

1. Haldið um tvinnann með báðum höndum og smeygið honum í stýringuna að framan.
2. Farið frá ykkur og þræðið í raufina frá hægri til vinstri.
3. Þaðan til vinstri og togið tvinnann síðan að ykkur eftir raufinni.
4. Togið tvinnann upp.
5. Til að þræða í þráðgjafann, dragið þið tvinnann upp og svo aftur niður frá hægri til vinstri eftir raufinni.
6. Togið tvinnann niður eftir raufinni.
7. Dragið hann frá hægri til vinstri í tvinnastýringuna fyrir ofan nálina.
8. Þræðið nálina síðan framan frá.
Við vísum á næstu blaðsíðu um notkun á þræðaranum fyrir nálina.



D. NÁLIN ÞRÆDD




ATHUGIÐ: Forðist slysin

1. Haldið fingrunum frá öllum hreyfanlegum hlutum og sérstaklega í kring um nálarvæðið.
2. Lækið ekki handfangið fyrir þræðarann á meðan vélin er í gangi.


Ath: Þræðarann fyrir nálina er hægt að nota fyrir venjulegar nálar í grófleikum 80, 90, og 100.

1. Lækið saumfótinn.
2. Athugið að nálin sé í efstu stöðu.
Ef hún er það ekki, ýtið þá á hnappinn "nálin uppi / nálin niðri" til að setja hana í efstu stöðu.
3. Lækið þræðarann varlega og leggið tvinnann í stýringuna (a) og togið hann síðan til hægri.
4. Lækið handfangið eins langt og hægt er. Þræðarinn snýst og krókurinn á honum fer í gegn um nálaraugað.
5. Leggið tvinnann í raufina á þræðaranum.
6. Haldið aðeins lauslega við tvinnann og látið handfangið fara rólega til baka. Krókurinn snýst og togar tvinnann með sér í gegn um nálaraugað og myndar lykkju.
7. Togið tvinnann þannig að það verði ca. 10 cm. endi aftur úr nálinni.



E. UNDIRTVINNA NÁÐ UPP

1. Lyftið saumfætinum.
2. Haldið lauslega við tvinnann og ýtið tvisvar á hnappinn "nálin uppi / nálin niðri" ef nálin var í efstu stöðu.
Handhjólíð fer heilan hring
3. Togið lauslega í yfirtvinnann og undirtvinninn kemur upp eins og lykkja á yfirtvinnanum. Togið báða tvinnana ca. 10 cm aftur undan saumfætinum.



BYRJAD AÐ SAUMA


Þegar kveikt er á vélinni er vélin stillt á venjulegan beinan saum.



ATHUGIÐ: Forðist slysin

A meðan saumað er verður að fara varlega í kring um nálarvæðið.

Athugið að vélin á sjálf að flytja efnið. Hvorki togjið né ýtið á efnið.



A. BYRJUN OG ENDIR Á SAUM

1. Athugið saumfótinn (Alhliða saumfótinn). Sjá nánar á bls.7 hvernig skipta á um saumfót.
2. Setjið efnið undir saumfótinn og lækkið hann.
3. Haldið lauslega í tvinnaendana og stígið varlega á fótmoststöðuna.
Haldið í tvinnaendana þar til vélin hefur myndað nokkur spor.
Stýrið efninu lauslega um leið og þið saumið.
Þið getið ráðið saumhraðanum með því að renna til hnappnum fyrir hraðann.
Þið getið einnig dregið úr hraðanum með því að ýta á hnappinn fyrir lítinn hraða.
4. Þegar þið komið að enda saumsins, sleppið þið fætinum af fótmoststöðunni (eða ýtið á start/stop hnappinn til að stöðva vélina ef þið hafið valið þann kost að ýta á sjálfvirkan saum).
5. Ýtið á hnappinn fyrir tvinnaklippurnar.
6. Lyftið saumfætinum og fjarlægið efnið.

Nemi fyrir yfirtvinna

Ef yfirtvinninn slitnar eða hann vantar stöðvast vélin strax sjálfkrafa.



Þræðið vélina á ný og haldið áfram að sauma.

ATHUGIÐ

1. Ýtið aldrei á hnappinn fyrir tvinnaklippuna ef ekkert efni er undir saumfætinum. Tvinninn gæti flækst og jafnvel skemmt vélina.
2. Notið tvinnaklippuna heldur ekki ef þið eruð að nota grófara tvinna en nr. 30 og ekki þegar þið eruð með sérstaka tvinna (málmtvinna o.s.frv.). Í slíku tilfellum notið þið tvinnahnífinn sem er á endaloki vélarinnar (sjá bls. 11)

ATH:

Eftir að þið klippið tvinnana með því að nota hnappinn fyrir hana, haldið þið í yfirtvinnann þegar þið byrjið á næsta saum (Þið þurfið ekki að ná undirtvinnanum upp því hann er í hæfilegri lengd eftir tvinnaklippuna).




B. AFTURÁBAK SAUMUR

Afturábaksaumur er notaður til að hefta fyrir endann í byrjun og enda sauma.

1. Setjið efnið þannig undir fótinn að þið getið byrjað á afturábak saum og síðan saumað áfram þegar honum lýkur.
2. Ýtið og haldið við afturábak hnappinn. Saumið 4-5 afturábakspor.
3. Sleppið afturábak hnappnum og stígið á fót mótstöðuna og vélin saumar þá áfram.
4. Þegar þið komið að endanum á saumnum, ýtið þið og haldið afturábak hnappnum inni og látið vélina sauma 4-5 afturábakspor.

Ath:

Mynstur nr. 3 og nr. 4 eru með innbyggð afturábak spor. (sjá bls. 25 um þessi spor).




C. SJÁLFBIRKT HEFTINGARSPOR

Þið getið og ættuð að sauma heftingarspor í byrjun og enda hvers saums.

Þessa aðgerð er hægt að nota við alla nytjasauma

1. Ýtið á heftingar hnappinn. Heftimerki "C" kemur fram á skjánum.
2. Byrjið að sauma. Vélin saumar heftispor og byrjar svo að sauma viðkomandi valinn saum.
3. Þegar þið komið að enda saumsins, ýtið þið á afturábak hnappinn einu sinni. Vélin saumar heftispor og stöðvast síðan sjálfkrafa.
4. Ef þið viljið afturkalla þessa aðgerð, ýtið þið aftur á hefti hnappinn.



D. SNÚIÐ VIÐ Á HORNUM

1. Stöðvið vélina þegar þið komið að horninu.
Vélin stöðvast með nálina ofan í efninu.
2. Lyfti saumfætinum.
3. Notið nálina sem öxul til að snúa efninu um og snúið efninu.
4. Lækkið saumfótinn og haldið áfram að sauma.




E. SAUMA ÞYKK EFNÍ

Þegar þið eruð að sauma mjög þykk efni, á fremri hlutinn á fætinum erfitt með að skríða upp á efnið í byrjun. Farið þá að sem hér segir:

1. Lyftið saumfætinum.
2. Ýtið á læsihnappinn sem er hægra megin á alhliða saumfætinum og lækkið fótinn.
3. Byrjið að sauma.
Þar sem liðamótin á saumfætinum eru nú læst verður einfaldara að sauma þykka efnið.

- a. Einnig er hægt að lyfta fótlyftunni þrepi hærra þegar verið er að koma þykkum efnum undir saumfótinn.



F. SAUMA YFIR ÞYKKA ÞVERSAUMA

Stýrið og hjálpið efninu e.t.v. þegar þið eruð að sauma yfir grófa þversauma.



G. BREIDD Á SAUMFARI

Stýrilínur á stingplötunni gefa fjarlægðina frá nálinni í miðstöðu til kynna.
Til að halda stöðugu saumfari látið þið efnisjaðarinn renna meðfram þeirri línu sem þið veljið.

Jaðarstýring

Þið getið einnig notað jaðarstýringuna sem fylgir með vélinni. Festið jaðarstýringunni með sknúfunni og festið hana við stingplötuna.



TVINNASTILLING

Þessi vél stillir tvinnaspennuna sjálf eftir því hvaða saum þið veljið. Þið getið hins vegar breytt tvinnastillingunni eins og hér segir:

1. Ýtið á aðgerðarhnapp F5 sem er fyrir neðan merkin fyrir tvinnaspennuna. Skjárinn breytist í tvinnaspennu aðgerð.
2. Til að auka spennuna ýtið þið á hnapp F5 (+). Til að minnka spennuna ýtið þið á hnapp F4 (-).

Sjálfgengið gildi fyrir spennuna er auðkennt. Merkið “▼” sýnir hins vegar raunverulega stillingu. Með því að ýta á aðgerðina F3 (AUTO) eða “clear” “C” hnappinn, en þá fer tvinnastillingin á fyrri sjálfgefin gildi.

Með því að ýta á aðgerðarhnappinn F1, fer skjárinn einnig aftur á fyrri sjálfgefin gildi (upplýsingar um sauma).

Þegar annar saumur er valinn fer tvinnastillingin aftur á sjálfgefin gildi fyrir þann saum. Þið getið byrjað að sauma oög breytt stillingunum á spennunni á meðan þið saumið.

A. Fyrirfram ákveðin tvinnaspenna

Yfir og undirtvinni hnýtast saman u.þ.b. í miðju efni eða á milli efna.

B. Þegar tvinnaspennan er aukin

Undirtvinninn kemur nær réttunni.

C. Þegar tvinnaspennan er minnkuð

Yfirtvinninn kemur nær röngunni.




D. Tvinnaspenna nema fyrir beint spor

Tvinnaspenna fyrir aðra sauma en beint spor á að vera aðeins minni en er á beinu spori.

Þið fáið yfirleitt fállegra útlit á flatsaumum og skraut-saumum ef yfirtvinnaspennan er aðeins minni og þá er yfirtvinninn aðeins sýnilegur á röngunni.

E. Góð ráð

1. Ef saumurinn ykkar lífur út eins og á mynd E1 þ.e.a.s. lífur vel út á réttunni en er eins og flækja á röngunni, þá er sennilegast að yfirtvinninn sé ekki rétt þræddur. Skoðið bls. 16 um þræðingu.
2. Ef saumurinn skánar ekki, kikið þá á spóluna og athugið hvort hun sé rétt þrædd. Skoðið bls. 15 um rétta þræðingu.



VELJA NYTJASAUMA

Nytjasaumar eru sýndir innan á lokinu ofan á vélinni.

Þegar kveikt er á vélinni er hún sjálfkrafa stillt á beint spor.

Veljið nytjasauma eins og hér segir:

A. BEINVAL Á SAUM

Þið getið valið grunn nytjasaumana beint með því að ýta á beinvalshnappana.

Valinn saumur kemur á skjáinn.

B. VELJA AÐRA NYTJASAUMA

1. Ýtið á hnappinn fyrir nytjasauma.

5 fyrstu saumarnir koma á skjáinn.

2. Ýtið á hægri skrunhnappinn og næstu 5 saumar koma í ljós.

Með því að ýta á vinstri eða hægri skrunhnappana getið þið skrunað upp eða niður um 5 sauma í hvert sinn. (Þið getið einnig skrunað niður með því að ýta á nytjasauma-hnappinn.

3. Til að velja skrautsaum, ýtið þið á hnappinn sem er beint fyrir neðan viðkomandi saum.

4. Þegar skrautsaumur er valinn, munu upplýsingar um viðkomandi valinn saum koma á skjáinn.

(Aðgerð: Upplýsingar um saum)

a. Númer á saum eða skrautsumsmynstri

b. Hentugur saumfótur

c. Hvernig vinnur viðkomandi aðgerðarhnappur

F2 Spegulun / afturábak

F3 Lenging á saum

F4 Sporbreidd, sporlengd

F5 Tvinnaspenna (Sjá hér á undan)

Ef aðgerðarmerkið er ekki gefið til kynna er ekki hægt að nota viðkomandi aðgerð.

C. SPEGLUN / AFTURÁBAKSAUMUR

Þið getið stillt á speglun á saum, eða afturábak eða apeglaðp afturábaksaum.

Með því að ýta á aðgerðarhnappinn (F2) beint fyrir neðan speglunar/afturábak tákníð, mun saumurinn speglast frá vinstri til hægri eða frá byrjun til enda. Tákníð á skjánum gefur valinn saum til kynna á eftirfarandi hátt:

a. Venjulegur saumur




b. Spegulun á saum (afturábak, vinstri og hægri)

c. Afturábaksaumur (afturábak eða áfram)

d. Spegla og afturábak saum

Ef merkið er ekki gefið til kynna, er ekki hægt að breyta því í speglun eða afturábak saum.

Ef þið ýtið á hreinsa "clear" "C" hnappinn, fer vélín yfir á fyrirfram ákveðin og sjálfgefin gildi. (einnig "lenging á saumum" fer aftur á sjálfgefin gildi valinna sauma).



D. LENGING Á SAUMUM


Hægt er að lengja saumana frá upprunalegri lengd. Þið getið lengt saumana með því að ýta á hnapp (F3) sem er beint fyrir neðan tákníð fyrir lenginguna.

a. Regluleg lengd

b. Lengdur saumur

Ekki er hægt að lengja sauma sem ekki eru með lengingartákníð uppgefið.

Þegar þið ýtið á “hreinna” (clear) “C” hnappinn, mun vélin fara aftur á reglulega lengd.



E. STILLA SPORBREIDD OG SPORLENGD

Vélin stillir sig sjálf á hentuga sporbreidd og sporlengd fyrir valinn saum.


1. Þið getið breitt þessum sjálfgefnu stillingum með því að ýta á aðgerðarhnapp (F4) sem er beint fyrir neðan breiddar og lengdartákníð.

2. Skjárin breytist og sýnir breyttar stilingar.

Fyrir minni breidd ýtið þið á aðgerðarhnapp F2 (-).
Fyrir meiri breidd ýtið þið á aðgerðarhnapp F3 (+).
Fyrir styttra spor ýtið þið á aðgerðarhnapp F4 (-).
Fyrir lengra spor ýtið þið á aðgerðarhnapp F5 (+).

Fyrirfram ákveðin gildi fyrir sporbreidd og sporlengd eru gefin upp með auðkenndum númerum. Þegar þið ýtið á “hreinna” (clear) “C” hnappinn fer vélin aftur yfir á sjálfgefin gildi fyrir viðkomandi spor.

Ef þið ýtið á “til baka” hnappinn (F1), sýnir skjárin fyrir aðgerð. (Upplýsingar um sauma-aðgerð).




a. Fyrir beina sauma (Nr. 1, 2, 3, 4, 6, 8), breyta sporbreiddar hnapparnir legu nálarinnar.

Til að færa nálina til vinstri ýtið þið á hnappinn F2.
Til að færa nálina til hægri ýtið þið á hnappinn F3.

Ath: Þegar ekki er hægt að færa breidd eða lengd meira, gefur vélin frá sér nokkur hljóðmerki.

Ef breiddar, lengdar eða númera táknin eru ekki sýnd er ekki hægt að breyta viðkomandi saum.

Hægt er að breyta þessum stillingum þótt vélin sé í gangi.



HVAR Á AÐ NOTA HVAÐA SPOR

01. Beint spor með nálarstöðu í miðju • Fyrir stungusauma, rennilása o.fl.
02. Beint spor nálarstaða til vinstri • Fyrir stungusauma o.fl..
03. Beint spor m.sjálfr. afturábak og nálarstöðu í miðju
04. Beint spor m.sjálfr. afturábak og nálarstöðu til vinstri
05. Þræðispor
06. Þrefalt beint spor • fyrir sauma sem mikið reynir á
07. Leggjasaumur fyrir teygjanleg efni
08. Bútasaumsspor með handavinnuútliti
09. Zik zak • Fyrir jaðarsauma, applíkeringar, bútasaua o.fl.
10. Teygjanlegur blindfaldur
11. Blindfaldur
12. Þriggja spora zik zak • kasta þrjónuð efni, teygjuáfestingu
13. Töluáfesting
14. Skrautsaumur
15. Kastsaumur
16. Kastsaumur á teygjanleg efni, skrautsaumur
17. Ric Rac spor
18. Tvöfalt Ric Rac spor
19. Krákuspor
20. Bútasaumur
- 21-100. Skrautsaumar og hagnýtir saumar
101. Kóssar
102. Hefting
103. Ístopp
104. Mjótt blússuhnappagat
105. Breitt blússuhnappagat
106. Augahnappagat
107. Augahnappagat m. þversum heftingu
108. Augahnappagat m. mjókkandi heftingu
109. Mjótt afrúnnað hnappagat
110. Breitt afrúnnað hnappagat
111. Afrúnnað hnappagat með þversum heftingu
112. Afrúnnað hnappagat beggja megin
113. Skraut-hnappagat
114. Teygjanlegt hnappagat
115. Aldamóta hnappagat
116. Paspel hnappagat


Lýsing á táknum:

▲ Hægt að spegla

■ Hægt að sauma afturábak

◆ Hægt að spegla og sauma afturábak

X2 Hægt að lengja



BEINT SPOR

Beina sauma á að velja í samræmi við efnið sem verið er að sauma.

Vinstri nálarstaða (Nr. 2) hentar best við að sauma þynnri efni.

Nr. 1. Nálarstaða í miðju

Nr. 2. Nálarstaða til vinstri

Nr. 3. Nálarstaða í miðju með sjálfv. afturábak

Nr. 4. Nálarstaða til vinstri með sjálfv. afturábak




Alhliða saumfóturinn (A)

A. Beint spor

1. Staðsetjið efnið undir saumfætinum og lækkið hann.
2. Haldið lauslega í tvinnnaendana og byrjið að sauma.
Stýrið efninu lauslega þegar þið saumið.
3. Þegar þið komið að enda saums, stöðvið þið.
4. Ýtið á hnappinn fyrir tvinnaklippuna.

B. Beint spor með sjálfvirkri heftingu (Saumar Nr. 3, 4)

1. Setjið efnið undir saumfóttinn og lækkið hann.
2. Haldið lauslega um tvinnnaendana og byrjið að sauma.
Vélin saumar nú 4-5 spor áfram og síðan 4-5 spor afturábak og saumar síðan áfram.
3. Þegar þið komið að enda saumsins ýtið þið á afturábak hnappinn.
Vélin saumar nokkur spor afturábak og nokkur spor áfram og stöðvast síðan sjálfkrafa.
4. Ýtið á hnappinn fyrir tvinnaklippuna.



ÞRÆÐISPOR

Þið getið þrætt flík saman áður en þið saumið hana.

Nr. 5 er Þræðispor

Ístopps / fríhendis útsaumsfóturinn

A. ÚTSAUMS/ÍSTOPPSFÓTUR SETTUR Á

1. Takið flytjarann úr sambandi með því að færa handfangið til vinstri.
2. Fjarlægjið saumfóttinn og fóthölduna (sjá bls. 7).
3. Armurinn á ístoppsfætinum á að liggja ofan á skrúfunni sem heldur nálinni.
4. Rennið plastfestingunni á fótstöngina vinstra megin frá þannig að hún fari utan um fótstöngina.
5. Festið fótinn síðan með skrúfunni.

B. ÞRÆÐING

Þegar þessi saumur er valinn verður sjálfkrafa losað um tvinnaspennuna.

1. Setjið efnið undir fótinn og setjið fótinn niður.
2. Haldið lauslega um tvinnaendana og saumið nokkur spor.
- Vélin saumar aðeins eitt spor í einu.
3. Togið síðan efnið eins langt og þið viljið aftur á bak undan fætinum og saumið eitt spor.
4. Endurtakið þetta eins oft og þið viljið eða þurfið til að ljúka við þræðinguna.
5. Munið svo að setja flytjarann aftur í samband áður en þið byrjið að sauma aðra sauma.




Ath:

Til að koma í veg fyrir að efnið misfærast ráðleggjum við ykkur að setja tíftuprjóna þversum á sauminn.



ATHUGIÐ: Forðist slysin

Reynið að forðast að láta nálina stinga í tíftuprjónana þegar þið saumið.



TEYGJANLEGIR SAUMAR

Teygjanlegir saumar eru sterkir og sveigjanlegir og gefa eftir eins og teygjanlega efnið sjálft gerir, án þess að slitna. Henta vel fyrir alls konar þrjónuð efni svo og gallabuxnaefni.

Nr. 6 Beint teygjanlegt spor

Nr. 7 Leggjasaumur fyrir teygjanleg efni

Nr.17 Ric-rac Spor

Alhliða saumfóturinn (A)


Við mælum með því að þið notið "stretch" nál fyrir þrjón og gerfiefni til að forðast gót í slík efni.

a. Jakka

b. Buxur

c. Poka

d. Vasa



BÚTASAUMUR


Bútasaurur samanstendur alltaf af þremur lögum af efnum og efsta lagið er samsett af rúmfræðilega röðuðum bútum sem eru saumaðir saman.

Nr. 1 Beint spor - nálarstaða í miðju

Nr. 8 Bútasaurursspor með handavinnuútliti

Beinsaums / bútasaurursspótur

Jaðar eða línustýring



ATHUGIÐ: Forðist slysin

Ekki breyta nálarstöðunni. Annars gæti nálin stungið í fótinn og brotið nálina og skemmt vélina.

A. Sauma efnisbúta saman

Saumið búta saman með því að nota saum nr. 1 með saumfari 6,3 mm (1/4").

B. Vattstunga


Saumið þrjú efnislög saman. Notið vattstungu-stýringu þegar þið saumið sam-síða línur. Setjið stýringuna í gatið á saumfætinum og stillið fjarlægðina eins og þið viljið hafa hana.

C. Bútasaurursspor m. handavinnuútliti 8

Notið glæran nylon tvinna eða mjög finan tvinna sem er þá eins og efsta lagið á litinn.

Setjið tvinna í andstæðum lit við efnið á spóluna. Stillið yfirtvinnaspennuna á stífari spennu, jafnvel á hámarkið.

Þegar þið saumið mun yfirtvinninn draga undir-tvinnann upp á réttuna og myndar handavinnuútlit á sauminn.



ZIK ZAK

Með vélinni er hægt að sauma zik zak sauma í mismunandi breiddum og lengdum.

Nr. 9 Zik zak spor

Alhliða eða flatsaumsfóturinn (A, B)


Zik zak saumar henta vel til að sauma tvö efni saman, í appíkeringar og ýmsa skrautsauma.

FLATSAUMAR

Til að sauma flatsauma, styttrið þið sporlengdina og látið sporin liggja þétt saman.

Notið flatsaumsfótinn. (B)

Á næstu blaðsíðu fjöllum við um kastsauma.



FJÖLÞREPA ZIK ZAK

Er t.d. notað til að sauma teygjur við fatnað og kastsauma á þrjú efni.

Nr. 12 Fjölþrepa zik zak

Alhliða saumfóturinn (A)


A. Teygjur saumaðar á

Togið aðeins en varlega í teygjuna fyrir framan og aftan fótinn um leið og þið saumið.

B. Kastsaumur

Hentar vel á þrjú efni þar sem jaðarinn raknar auðveldlega. Nálin þarf helst að stinga út fyrir jaðarinn.


Nánar um kastsauma á næstu blaðsíðu.



FRÍARMURINN

Með því einu að fjarlægja vinnuborðið af vélinni breytist hún í fríarmsvél og þá verður auðveldara að komast að erfiðum stöðum, erjum, buxnaskálmum o.fl.

Ath: Sjá nánar á bls. 7 um hvernig á að fjarlægja vinnuborðið



KASTSAUMAR-OVERLOCK

A. NOTA KASTSAUMSFÓTINN

Nr. 9 (Sporbreidd 5.0)

Nr. 15, 16, 30 (Sporbreidd 5.0-7.0)

Kastsaumsfótur (C)

Þrýstið jaðrinum að stýringunni á kastsaumsfætinum þannig að nálin stingi sem næst jaðarbrúninni.



a. Nr. 9 (Breidd =5.0) er notaður til að forðast að rakni úr jaðrinum.

b-d. Nr. 15, 16, 30 eru notaðir sem kastsaumar en vélin saumar saum um leið. Þessvegna hentar þessi saumur vel á teygjanleg efni.



ATHUGIÐ: Forðist slysin

Nota ætti kastsaumsfótinn þegar verið er að nota sauma 9, 15, 16, 30. Breytið ekki stillingunum á saumunum. Hætta er á að nálin gæti rekist í fótinn ef reynt er að breyta fyrirfram ákveðnum stillingum fyrir þessa sauma.



B. ALHLIÐA SAUMFÓTURINN



Nr. 9, 12

Alhliða saumfóturinn (A)

Staðsetjið efnið þannig undir fótinn að nálin svo til stingi út fyrir jaðarinn á því þegar hún fer til hægri.

e. Notið saum 9 fyrir mjóa zik zak breidd (2.0-4.5).

f. Notið saum 12 þegar þið eruð að sauma teygjanleg efni sem rakna mikið.



C. ATH:

Þið getið einnig saumað jaðarinn fyrst og síðan klippt umframefnið frá eftir á.

Gætið þess bara að klippa ekki í sporin sjálf.




BLINDFALDUR

Þennan saum er oft hægt að sauma þannig að hann sjáist alls ekki á réttu efnisins.

Nr. 10 Blindfaldur á teygjanleg efni.

Nr. 11 Blindfaldur á venjuleg ofin efni.

Blindsaumsfótur (D)



1. Brjótið efnið eins og sýnt er á teikningunni.

a. Meðal og þykkari efni

b. Þynnri efni

c. Rangan á efninu

d. Kastsaumur

2. Stýringin (e) á blindsaumsfætinum tryggir jafnan flutning á efninu þegar verið er að blindfalda. Stýringin (e) er stillt með því að snúa stilli-skrúfunni (f).


3. Staðsetjið efnið þannig að beinu sporin (eða litlu zik zak sporin) verði á faldbrúninni sem stendur út undan faldinum, en stóru zik zak sporin rétt grípi einn þráð í faldbrúninni (g). Snúið skráfunni þar til vinstra zik zak sporið rétt grípi í einn þráðinn í brotbrúninni.

4. Lækkið saumfótinn og saumið faldinn. Stýrið efnisbrúninni þannig að hún renni meðfram stýringunni.

5. Snúið efninu við eftir saumaskapinn.

c. Rangan á efninu

h. Réttan á efninu




BÚTASAUMUR


Til aukalegs skrauts notið þið mismunandi efni.

Nr. 19, 20

Almenni eða flatsaumsfóturinn (A, B)



1. Leggið tvö efni saman réttu á móti réttu.
2. Opnið og straiðið saumfarið.
3. Fullvissið ykkur um að saumurinn saumi í bæði efnin.



APPLÍKERINGAR

Nr. 23, 24

Saumfótur með opna tá



ATHUGIÐ: Forðist slysin



Breytið sporbreiddinni ekki í meira en 5.0.

Annars gæti nálina rekist í saumfótinn og brotnað.

1. Festið applíkeringarefnið við undirefnið með lími, títuprjónum eða straujanlegu límefti.
2. Saumið jaðarinn á applíkeringunni og látið nálina fara út fyrir jaðarinn þegar hún kemur út til hægri.
Beina sporið lítur hér um bil eins og um handavinnuspor væri að ræða.

a. Þegar snúa þarf á kröppum hornum

Færið nálina í neðstu stöðu, lyftið saumfætinum og notið nálina sem snúningsöxul til að snúa efninu.



RENNIÁS MIÐJUSETTUR


Nr. 1 Beint spor (Nálarstaða í miðjunni)

Rennilásafótur (E)




ATHUGIÐ: Forðist slysin

Við notkun á rennilásafæti á alltaf að nota beint spor nr. 1 með nálarstöðu í miðju. Annars er hættu á að nálin rekist í saumfótinn, brotni og jafnvel skemmi vélina.



1. Þræðið rennilásaopið við saumlínuna.
 - a: Beint spor,
 - b: Endi á opnun,
 - c: Þræðing
 - d: Rangan á efninu.
2. Strauið saumfarið niður.
Þræðið renilásarenninginn.
Setjið opinn rennilásinn - réttuna niður ofan á saumfarið og látið tennurnar nema við saumlínuna.
3. Setjið rennilásafótinn á vélina.
Látið vinstri pinnann í fætinum á fóthölduna þegar þið saumið hægri hlið rennilássins, og hægri pinnann á fóthölduna þegar þið saumið vinstri hlið lássins.
4. Saumið vinstri hlið lássins neðan frá og upp á við.
5. Saumið þversum yfir neðri hlutann á rennilásnum og síðan upp eftir hægri hlið hans.
Fjarlægjið þræðisporin og strauðið.



RENNILÁS HULINN

Nr. 1 Beint spor (Nálarstaða í miðju)



Rennilásafótur (E)



ATHUGIÐ: Forðist slysin


Rennilásafót á ávallt að nota með beinu spori nr. 1 og með nálarstöðu í miðju. Annars er hættu á að nálin rekist í fótinn og brotni.

1. Þræðið rennilásinn við saumlínuna.
 - a: Beint spor.
 - b: Endinn á opnuninni.
 - c: Þræðing.
 - d: Rangan á efninu.
2. Brjótið vinstra saumfarið.
Brjótið undir hægri saumfarið til að búa til ca. 3mm brot.
3. Setjið rennilásafótinn á vélina.
Látið vinstri pinnann í fætinum á fóthölduna þegar þið saumið hægri hlið rennilássins, og hægri pinnann á fóthölduna þegar þið saumið vinstri hlið lássins.
4. Saumið vinstri hlið rennilássins neðan frá og upp.
5. Snúið efninu þannig að réttan snúi út og saumið fyrir rennilásinn að neðan og síðan upp eftir hægri hlið hans.
6. Hættið að sauma með nálina niðri í efninu rétt áður en þið komið að lásnum sjálfum eða u.þ.b. 5 cm frá efri enda lássins.



Saumað fram hjá lásnum sjálfum: (Teikning A)


1. Hættið að sauma áður en þið komið að lásnum sjálfum.
2. Lækkið nálina ofan í efnið.
3. Lyftið saumfætinum og rennið lásnum aftur fyrir rennilásafótinn.
4. Lækkið fótinn og haldið áfram að sauma.
5. Fjarlægjið þræðisporin.
 - a. Lásinn á rennilásnum.



HNAPPAGÖT

Hægt er að velja um 13 gerðir af hnappagötum.

104. Mjótt hnappagat með heftingum (fyrir þunn og meðalþykk efni).
105. Breitt hnappagat með heftingum - fyrir stórar tölur.
106. Augahnappagat fyrir grófari efni
107. Augahnappagat með styrktri heftingu.
108. Augahnappagat með mjókkandi heftingu
109. Mjótt afrúnað hnappagat fyrir þunn og meðalþykk efni.
110. Breitt afrúnað hnappagat fyrir stærri tölur.
111. Afrúnað hnappagat með heftingu.
112. Afrúnað hnappagat beggja vegna.
113. Skraut hnappagat
114. Teygjanlegt hnappagat
115. Aldamóta hnappagat.
116. Paspel hnappagat (sjá bls. 36).



Hnappagatafótur (F)

Ath:

Þið getið breytt þéttleika hnappagatanna með sporlengdar stillunum.

1. Merkið fyrir staðsetningu og lengd hnappagatsins á efnið.
2. Setjið töluna í mælistikuna aftan á fætinum. Ef talan passar ekki í fótinn stillið þá rennilokuna á þvermál tölunnar auk þykktarinnar á henni.

$a = \text{Lengd á tölu} + \text{þykkt hennar}.$

3. Þræðið yfirtvinnann í gegn um gatið á hnappagatafætinum og látið bæði yfir og undirtvinnana liggja út til vinstri.
4. Staðsetjið efnið þannig undir fætinum að miðlínán fyrir hnappagatið sé í miðjum hnappagatafætinum.
Lækkið fótinn og togið í rammann á fætinum fram á við og að ykkur.

Ath:



Begar þið saumið teygjanleg efni, er mælt með að þið notið millifóður eða undirlegg á röngu efnanna.

5. Lækkið arminn fyrir hnappagatafótinn alveg niður.

Ath:

Vélin byrjar ekki að sauma fyrr en armurinn fyrir hnappagötin er kominn niður eða ramminn á hnappagatafætinum er ekki staðsettur alveg fremst.

6. Haldið lauslega í tvinnana og byrjið að sauma.



7. Vélín saumar hnappagatið eins og skýringar-myndirnar hér að ofan sýna og stöðvast sjálf.
8. Ýtið á hnappinn fyrir tvinnaklippuna og lyftið fætinum til að fjarlægja efnið.
- b. Til að sauma sama hnappagat á ný lyftið þið saumfætinum og farið á upprunalegu stöðuna.
9. Skerið hnappagatið en gætið þess að skera ekki í leggina eða heftinguna. Notið tituprjón þversum á heftingarnar til að skera ekki í þær.





ATHUGIÐ: Forðist slysin

Þegar þið notið sprettihníf verið þá ekki með fingurna fyrir framan hann.

A. Ath:

Til að sauma hnappagöt á erfið efni eða mjög nálægt jaðri á marglaga flikum, notið þið undir-leggsplötuna fyrir hnappagatafótinn til að sauma fullkomin hnappagöt. Setjið efnið á milli plötunnar og fótans.



PASPEL HNAPPAGÖT

Paspel hnappagat er svipað og vasaop á jökkum og lítur út eins og atvinnumaður hafi saumað það.

116. Paspel hnappagat

Hnappagatafótur (F)

- Klippið bít af efni sem þarf að vera 2,5 cm breiður og 1 cm. lengri en fullbúið hnappagatið á að vera.
Þræðið bítinn þannig að miðjan á honum sé á móts við miðlínuna á hnappagatinu.

- Réttan á efninu
- Rangan á efninu.

- Lækkið arminn fyrir hnappagatafótinn og saumið hnappagatið. (sjá blaðsíðuna á undan). Vélin saumar hnappagatið eins og sýnt er og stöðvast svo sjálfkrafa að saum loknum.

- Ýtið á hnappinn fyrir tvinnaklippuna og lyftið fætinum til að taka efnið undan honum.

- Skerið varlega í gegn um miðju hnappagatsins en stöðvið ca. 3mm frá endunum sitt hvoru megin. Klippið þar skáhallt upp í sitt hvort hornið eins og sýnt er. Fjarlægjið þræðisporin.

- Dragið bítinn í gegn um opið og niður á rönguna.

- Snúið efninu og togið bítinn í gegn um hnappagataferhyrninginn. Strauið bótina.



- Rangan á efninu.
- Réttan á bútnum.

- Snúið bútnum og straiðið saumfarið.

- Brjótið hvorn hluta fyrir sig af bútnum til að búa til fellingar sem mæstast í miðju hnappagatinu og hylja opið. Strauið bítinn.

- Snúið efninu á réttuna og þræðið eftir miðjunni á hverri fellingunni.

- Réttan á efninu.



10.Brjótið efnið og saumið meðfram saumunum á hvorri hlið og bara nálarbreidd frá upprunalegu saumalínunni. Fjarlægjið þræðisporin.

c. Rangan á efninu.

11.Brjótið efnið meðfram hliðinni á hnappagatinu og saumið príhyrningsbútinn fastan beggja megin á því meðfram upprunalegu saumlínunni.

12.Strauið og klippið búið ca. 5mm frá saumunum.

- a. Réttan á efninu
c. Rangan á efninu

ATH:

Þegar þið saumið þynnri efni er nauðsynlegt að leggja undirlegg undir hnappagatasvæðið. Klippið búið af undirleggi sem hægt er að strauja á efnið og hafið það 3 cm breiðara og 2 cm lengra en hnappagatið á að vera. Strauið bræðanlegt undirlegg á rönguna á hverju hnappagati.

KÓSSAR

Þessi saumur er notaður fyrir beltakóssa og svipuð tilfelli.

101 Kóssar

Flatsaumsfótur (B)


Þið getið valið um 3 stærðir af kóssum með því að breyta sporlengdinni.

1. Setjið efnið undir saumfótinn og lækkið hann. Byrjið að sauma. Vélin saumar kóssann og stöðvast sjálfkrafa.
2. Ýtið á hnappinn fyrir tvinnaklippuna og lyftið saumfætinum.

3. Búið til gat í miðjan kóssann.

Ath:

Gatapípa fyrir kóssa fylgir ekki með vélinni.




SJÁLFVIRK HEFTING OG ÍSTOPP

Þið getið saumað sjálfvirkar heftingar og ístopp með því að nota hnappagatafótinn.

Nr. 102 hefting, til að styrkja svæði sem mikið reynir á eins og vasaop.

Nr. 103 Ístopp, viðgerðir og líkar aðgerðir.



Hnappagatafótur (F)

1. Stillið sleðann á fætinum í samræmi við stærð á heftingunni eða svæðinu sem á að gera við.

a = Lend á heftingu eða ístoppi.

2. Þræðið tvinnann í gegn um gatið á hnappagatafætinum og leggið yfir og undirtvinna til vinstri frá fætinum.

3. Staðsetjið efnið þannig undir saumfótinn að byrjunarstaðan sé innst. Lækkið saumfótinn.

- b. Saumið heftinguna á jaðarinn á þykkum brúnum eins og vösum og leggið sömu þykkt af efni eða pappaspjald við hliðina á staðnum.

4. Lækkið arminn fyrir hnappagatafótinn alveg niður.


Ath:

Vélin fer ekki í gang ef armurinn fyrir hnappagatafótinn hefur ekki verið settur alla leið niður eða hnappagatafóturinn ekki rétt staðsettur.

5. Haldið aðeins í yfirtvinnann og byrjið að sauma.

6. Vélin saumar heftingu eða ístopp eins og sýnt er. Vélin stöðvast sjálfkrafa þegar saum lýkur.

7. Ýtið á hnappinn fyrir tvinnaklippuna og lyftið fætinum til að taka efnið undan fætinum.



TÖLUÁFESTING

Nr. 13

Töluáfestifótur

1. Takið flytjarann úr sambandi með því að færa stillinn til vinstri.
2. Setjið töluáfestifótinn á vélina. Aðlagðið tvö göt á tölunni þannig að þau séu í rauf fótans og lækkið fótinn þannig að hann haldi við töluna.
3. Stillið sporbreiddina þannig að nálin fari ofan í vinstra gat tölunnar.
4. Snúið handhjólina með hendinni þannig að nálin fari ofan í hitt gat tölunnar. Þið gætuð þurft að breyta sporbreiddinni á ný.



ATHUGIÐ: Forðist slysin

Fullvissið ykkur um að nálin lendi ekki á tölunni sjálfri, því þá getur nálin brotnað.

5. Saumið um það bil 10 spor á hægum hraða.
6. Lyftið fætinum og klippið tvinnana ca. 10 cm. frá tölunni.
7. Togið í endann frá spólunni og náðið endanum á yfirtvinnanum niður á rönguna. Hnýtið þá saman á röngunni.
8. Að saum loknum setjið þið flytjarann aftur í samband með því að ýta stillinum til hægri.

Ath:


Til að sauma fjögurra gata tölur farið þið eins að og lýst er hér að ofan fyrir fyrstu 2 götin. Lyftið síðan saumfætinum og færið töluna til þannig að fóturinn haldi nú við seinni 2 götin á henni.

A. Fótur undir tölunni

Tölur á jakka, kápur og þykkari efni verða að vera með fæti vegna þykkar efnanna. Setjið legg á nál eða eldspýtu framan frá á milli gatanna á tölunni og saumið yfir.

Togið tvinnana báða þannig að þeir séu á milli tölunnar og efnisins og vindið þá sitt í hvora áttina utan um fótinn sem er á milli efnis og tölu.


Hnýtið endana svo saman.



MJÓR FALDUR

Nr. 1 Beint spor (Nálarstaða í miðju)

Rúllufaldsfótur




1. Brjótið jaðarinn á efniinu u.þ.b. 3mm, og brjótið það aftur á 5 cm svæði á jaðrinum.

2. Stingið nálinni niður í byrjunina á brotinu með því að snúa handhjólínu fram á við með hendinni, lækkið saumfótinn. Saumið nokkur spor og lyftið saumfætinum.

Togið nú faldinn inn í faldjárnið á faldfætinum. Færið efnið fram og til baka þar til efnið er komið í brotjárnið á saumfætinum.

3. Lækkið saumfótinn og byrjið að sauma hægt og rólega, um leið og þið stýrið jaðrinum inn í faldjárnið á fætinum þannig að það myndi rúllufaldinn.




SNÚRUSAUMUR

Nr. 9 Zik zak spor fyrir eina snúru

Nr. 12 Fjölþrepa zik zak fyrir þrjár snúrir

Snúrufótur



A. EIN SNÚRA


1. Stillið vélina á saum nr. 9. Leggið snúru hægra megin frá í miðraufina undir snúrufætinum. Togið snúruna ca. 5 cm aftur undan fætinum.

2. Stillið sporbreiddina þannig að zik zak sporin rétt hylji snúruna. Lækkið fótinn og saumið hægt.

B. ÞRJAR SNÚRUR

Stillið vélina á saum nr. 12 og stillið sporbreiddina á 6.0-7.0.

Setjið þrjár snúrir í raufarnar undir fætinum.



SAMFELLDIR SKRAUTSAUMAR

Notið flatsaumsfótinn fyrir samfellda skrautsauma. Þessi fótur er með breiða rauf undir fætinum þannig að hann flýtur vel yfir þetta flatsauma.

19, 100

Flatsaumsfótur (B)

Til að sérsníða samfellda skrautsauma gætuð þið þurft að breyta breidd og lengd saumsins.

Þið getið einnig reynt að spegla, sauma mynstrið afturábak eða lengja það.

Saumið þrúfusauma á afgangsefni þar til þið eruð ánægð með útkomuna.

A. SAUMA ÞUNN EFNI

Þegar þið saumið þunn efni, er ráðlagt að nota undirleggsefni á röngu efnisins.

FÓTUR FYRIR EFRI FLUTNING

Fóturinn fyrir efri flutning sem fylgir með vélinni gerir það að verkum að vélin flýtur bæði neðra og efra efnið jafnt, sem er mjög gott t.d. ef verið er að sauma saman röndótt efni eða hál og erfið efni.

Nr. 1, 2, eða 9







Fótur fyrir efri flutning

A. FÓTURINN SETTUR Á

1. Fjarlægjið saumfótinn og fótölduna (sjá bls. 7).
2. Armurinn á fætinum á að liggja ofan á skrúfunni sem heldur nálini.
3. Rennið fótöldunni síðan frá vinsti til hægri þannig að hann liggi utan um fótstöngina.
4. Herðið skrúfuna sem heldur fætinum.

B. SAUMAÐ

Haldið um báða tvinnnaendana þegar þið byrjið að sauma og saumið hægt (á 1/2) hraða.



ÍSTOPP / FRÍHENDIS ÚTSAUMUR

Nr. 1. Nálarstaða í miðju.

Ístopp og fríhendis útsaumsfóturinn

A. ÍSTOPPS/ÚTSAUMSFÓTURINN SETTUR Á VÉLINA

1. Takið flytjarann úr sambandi með því að ýta stillinum til vinstri.
2. Fjarlægjið saumfótið og fóthölduna (sjá bls. 7).
3. Armurinn á fætinum á að liggja ofan á skrúfunni sem heldur nálinni.
4. Rennið síðan plastfestingu fótans frá vinstri til hægri þannig að hún falli utan um fótstöngina.
5. Herðið skrúfunna sem heldur fætinum.

B. ÍSTOPP






1. Setjið efni undir fótinn og setjið hann niður.
2. Takið um efnið sem á að gera við og haldið því fyrir framan og aftan fótinn. Setjið vélina í gang og færið efnið fram og til baka með jöfnum hreyfingum yfir hið skemmda svæði og látið saumana liggja nálægt hver öðrum.
3. Þegar búið er að fylla upp í svæðið með þessum hreyfingum breytið þið um og færið efnið nú með jöfnum hreyfingum fá einni hlið til annarrar.
- a. Ath: Styrkið opin svæði með bút af efni eða undirleggi og þræðið það e.t.v. við á röngunni.

C. FRÍHENDIS ÚTSAUMUR

1. Teiknið útlínur mynstursins fyrst á efnið.
2. Spennið efnið sem sauma á í útsaumsramma. Ath: Útsaumsrammi fylgir ekki með vélinni.
3. Setjið rammann undir nálina og lækkið fótinn.
4. Setjið vélina í gang á meðalhraða, og stýrið rammanum varlega, þannig að nálin saumi meðfram útlínunum mynstursins.

D. Eftir ístopp eða fríhendis útsaum

Setjið flytjarann aftur í samband með því að ýta stillinum til hægri.



Það er hægt að sauma mörg mjög áhugaverð og falleg mynstur með því að nota tvíburanál og sauma með sitt hvorum tvinnalitnum í hvorri nál fyrir sig. Saumið alltaf prufusaum til að sjá hvaða stilling hentar best fyrir viðkomandi viðfangsefni.

Hægt er að sauma öll mynstur nema nr. 101-116 með tvíburanál.

Almenni eða flatsaumsfóturinn (A, B)

Ath:

Tvíburanál fylgir ekki með vélinni, en fæst örugglega hjá umboðinu.



ATHUGIÐ: Forðist slysin

- Notið eingöngu nál sem hentar þessari vél. (Singer gerð 2025 eða samsvarandi).
 - Ekki er hægt að nota þræðarann fyrir tvíburanál. Þræðið nálarnar með höndunum.
- Fjarlægjið einföldu nálina og setjið tvíburanál í staðinn.
 - Þræðið fyrri tvinnann eins og venjulega.
 - Þræðið vinstri nálina framan frá og frá ykkur.
 - Þræðið auka keflispinnanum með filtskífu ofan gatið fyrir hann.
 - Setjið annað tvinnakefli á vélina og þræðið seinni tvinnann eins og þann fyrri.
 - Til að fá betri árangur þræðið þið þennan sein tvinna ekki í stýringuna fyrir ofan nálarnar en látið hann vera fyrir utan hana. Þræðið hægri nálina framan frá og aftur.
 - Ýtið á hnappinn fyrir tvíburanál. Tvíburamerki kemur á skjáinn og sporbreiddin verður takmörkuð sjálfkrafa.



ATHUGIÐ: Forðist slysin






Ef þið ýtið ekki á hnappinn fyrir tvíburanál gæti nálin rekist í fótinn eða stingplötuna og brotnað.

- Saumið ávallt prufusaum á afgangsbút. Ath: Sumir saumar líta betur en aðrir með tvíburanál.
- Saumið verkefnið. Tvíburanála aðgerð verður áfram þar til þið ýtið aftur á hnappinn fyrir tvíburanál, eða slökkvið á vélinni.

Ath:

Gaman er að sauma með tvíburanál og prófa sig áfram með ýmsa skrautsauma og jafnvel stafi.

Munið að ýta á hnappinn fyrir tvíburanál og þá kemur táknið um tvíburanál á skjáinn.



SKRAUTSAUMAR OG STAFRÓF

Þið getið blandað saman skrautsaumum og stafrófi í samhangandi saumamynstur.

A. VELJA SKRAUTSAUM EÐA BÓKSTAF(val aðgerð)

1. Ýtið á hnappinn fyrir skrautsauma og stafróf. Fyrstu 5 skrautsaumarnir koma fram í neðri línunni á skjánum.
2. Með því að ýta á hnappinn fyrir skrautsauma og stafróf, breytast valhóparnir sem hér segir:
 - a. Skrautsaumar
 - b. Gotneskir stafir
 - c. Skrifstafir
 - d. Hallandi stafir
 - e. Útlínu stafir
 - f. Rússneskir stafir
3. Eftir að þið veljið hóp, ýtið þið á skrunhnappinn niður og þá koma næstu 5 saumar úr viðkomandi hóp fram. Með því að ýta á skrunhnappinn upp eða niður þá skrunið þið um 5 mynstur í einu.
4. Til að velja saum ýtið þið á aðgerðarhnappinn sem er beint fyrir neðan sauminn. Valinn saumur kemur fram efst vinstra megin á skjánum.
5. Veljið næstu sauma með sömu aðferð. Saumarnir koma fram efst á skjánum og í þeirri röð sem þeir eru valdir.
6. Um leið og valin mynstur hverfa af skjánum getið þið athugað þau með því að ýta á bendilhnappana. (sjá næstu bls.).


ATHUGIÐ:

Vélin getur munað upp í 60 sauma. Þið getið blandað saman heftisporum með því að ýta á hnappinn fyrir heftispor. Þetta er notað þegar saumuð eru einstök röð af saumum. (sjá einnig á bls. 48).

B. BREYTA STEFNUNNI Á BENDLINUM

Hægt er að bæta viðbótarmynstrum við röð af saumum. Skiptið "l" bendlinum yfir til hægri, á eftir röðinni af mynstrum og veljið síðan nýjan saum. Með því að ýta á hnappana fyrir bendlana, fer bendillinn annað hvort til vinstri eða hægri. Staða bendilsins verður auðkennd.

- a. Ýtið á vinstri hnappinn fyrir bendilinn "<" og bendillinn fer til vinstri.
- b. Með því að ýta á hægri hnappinn fyrir bendilinn ">" fer bendillinn til hægri.
- c. Með því að ýta á hnappinn fyrir lengst til vinstri



“I<” verður fyrsta valda mynstrið auðkennt.
Með því að ýta á hnappinn fyrir bendilinn lengst til hægri “I>” verður bendillinn færður hægra megin við valin mynstur.

Bendillinn er notaður til að skoða valin mynstur, setja inn ný mynstur, eyða mynstrum eða breyta mynstrum eins og lýst er hér að neðan.

Ef hægt er að breyta auðkenndu mynstri, verður það tekið fram á miðlinunni á skjánum.

C. ATHUGA VALIÐ MYNSTUR <http://www.linkedin.com/>

Eftir því sem lengdin á saumaröðinni lengist hverfa mynstrin smám saman af skjánum.


Þið getið samt alltaf skoðað mynstrin með því að breyta bendlinum til vinstri.

D. SETJA INN MYNSTUR

1. Hægt er að bæta mynstri við vinstra megin við auðkennt mynstur eða staf.
2. Með því að nota bendil hnappana, færið þið bendilinn til að auðkenna mynstur og það á þá að vera mynstur sem er á undan þeim stað sem þið ætlið að setja nýtt mynstur inn.

E. EYÐA MYNSTRI

1. Færið bendilinn á það mynstur sem þið viljið eyða.
2. Ýtið snögg á “clear” “C” hnappinn. (minna en 0.5 sek.).
Vélin eyðir mynstrinu og færir yfir á næsta mynstur.
3. Þegar bendillinn er kominn lengst til hægri, eyðir vélin rétt á undan mynstrinu.
3. Ef þið viljið eyða öllum mynstrum, ýtið þið og haldið “clear” “C” hnappnum lengur en í hálfa sekúndu.
Vélin eyðir þá öllum mynstrum.



F. BREYTA EINSTÖKUM MYNSTRUM

Þið getið breytt sporbreidd, lengd, speglun/aftur-
ábak spori og lengingu á einstökum mynstrum.
Og þið getið breytt tvinnastillingu á öllum völdum
mynstrum.

1. Ýtið á EDIT hnappinn.
Skjáinn breytist í "breytinga" aðgerð.
2. Þegar þið hreyfið bendilinn, munu stillingar á
hverju mynstri koma fram.
3. Með því að ýta á hvern aðgerðarhnapp, getið
þið breytt stillingum eins og lýst er hér að neðan
í a-d.
4. Að breytingum loknum ýtið þið á hnappinn til
baka (F1) eða á EDIT hnappinn.
Vélin fer aftur yfir í val-aðgerð.

Ath:

Ekki er hægt að breyta stafastillingum (nema
tvinnaspennunni).

a. Spegla / Afturábak saumur

Ýtið á aðgerðarhnappinn (F2) beint fyrir neðan
speglunar/afturábak tákníð, og saumurinn
breytist á víxl eða í hring.


Lýsingarnar á speglunar/afturábak táknunum
eru hér fyrir neðan:

- a1. Venjulegur saumur
 - a2. Spegla saum (speglast frá vinstri til hægri)
 - a3. Afturábak (speglast framan frá og aftur)
 - a4. Spegln og afturábak - mynstrið speglast
frá vinstri til hægri og framan frá og aftur.
- Ef tákn kemur ekki fram, þá er ekki hægt að
spegla það.

b. Lenging

Með því að ýta á aðgerðarhnappinn (F3) sem
er beint fyrir neðan lengingartákníð, er hægt að
lengja viðkomandi mynstur í 5 þrepum.(b1-b5)

Ef tákníð er ekki fyrir hendi, þá er ekki hægt að
lengja viðkomandi saum eða mynstur.



c. Stilling á sporbreidd og sporlengd

Vélin er stillt á sjálfgæfnar grunnstillingar fyrir sporbreidd og sporlengd fyrir hvern saum.

1. Þið getið breytt þessum stillingum með því að ýta á aðgerðarhnappinn (F4) beint fyrir neðan breiddar og lengdarkerkin..
2. Fyrir minni breidd ýtið þið á hnapp F2(-). Fyrir meiri breidd ýtið þið á hnapp F3 (+). Fyrir styttra spor ýtið þið á hnapp F4 (-). Fyrir lengra spor ýtið þið á hnapp F5 (+).

Sjálfgæfin breidd og lengd er gefin til kynna með auðkenndum tölum.

Þið getið breytt breiddinni og lengdinni á öðrum mynstrum með því að breyta staðsetningu bendilsins.

Með því að ýta á hnappinn til baka (F1), fer vélin aftur í breytinga (Edit) aðgerð.

Með því að ýta á EDIT hnappinn, fer vélin til baka í val-aðgerð.

d. Stilling á tvinnaspennu

Með því að ýta á aðgerðarhnappinn (F5) beint undir merkinu fyrir tvinnaspennu, mun skjárin sýna spennu aðgerðina.

Ef þið breytið tvinnaspennunni þá gildir sú breyting fyrir alla röðina.

Til að auka spennuna ýtið þið á hnapp F5 (+).

Til að minnka spennuna ýtið þið á hnapp F4 (-).

Sjálfgæfin tvinnaspennutala er auðkennd.

Með því að ýta á aðgerðarhnappinn F3 (AUTO) fer tvinnaspennan aftur á sjálfgæfin gildi.

Með því að ýta á hnappinn til baka (F1), fer vélin aftur yfir í breytinga (Edit) aðgerð.

Með því að ýta á EDIT hnappinn, fer vélin aftur yfir í val-aðgerð.

Ath:


Ef þið ýtið á "clear" "C" hnappinn í breytingar (edit) aðgerð, verður auðkenndu mynstri eytt.

G. KALLA MYNSTUR FRAM Á NÝ

Ef þið breytið frá skrautsaum í nytjasaum, mun vélin geyma í sér mynsturröðina þar til slökkt er á henni.

Ef þið viljið kalla mynstrin fram á ný, ýtið þið á hnappinn fyrir skrautsauma og stafi. Vélin kemur þá með mynsturröðina fram á nýjan leik. (Tvinnaspennan fer á fyrirfram ákveðna stillingu).

Til að eyða öllum mynstrunum, ýtið þið og haldið "clear" "C" hnappnum í smátíma. (Sjá bls. 45)



H. SAUMA VALIN MYNSTUR

a. Einu sinni

Þið getið blandað heftispori inn í röðina með því að ýta á heftingarhnappinn þegar þið eruð í val-aðgerð.


Þegar þið setjið heftispor á eftir saumaröð, mun vélin stöðvast sjálfkrafa eftir að hafa saumað röðina.

b. Síendurtekin

Ef heftisporið er ekki sett í lok raðarinnar endurtekur vélin þetta mynstur aftur og aftur þar til þið stöðvið sjálf.


SAUMAÐ


1. Setjið flatsaumsfótinn á vélina þegar þið saumið skrautsauma eða bókstafi.
2. Vélina byrjar að sauma frá auðkenndu mynstri. Þið verðið að færa bendilinn ef þið viljið að vélin byrji á einhverju öðru mynstri í röðinni. (Þegar "I" merkti bendillinn er hægra megin við valin mynstur, byrjar vélina að sauma frá fyrsta mynstri).
3. Lækið saumfóttinn og byrjið að sauma. Vélina sýnir mynstrið sem verið er að sauma efst vinstra megin á skjánum.



I. SAUMA MYNSTUR FRÁ BYRJUN

- Ef þið hættið að sauma í miðju mynstri í mynsturröðinni, sýnir skjáinn stöðuna á viðkomandi mynstri og örvarmerkið "→" á annarri línunni. Þetta þýðir að saumurinn hefur verið rofinn. Þið getið samt haldið áfram að sauma á ný.
- Þegar þið hættið að sauma í miðju mynstri í mynsturröðinni, og ef þið lyftið saumfætinum með fótlyftinum, breytist örvarmerkið í "↕", í slíkum tilfellum byrjar vélina að sauma viðkomandi mynstur frá byrjun þess mynsturs sem þið stoppuðuð í.
- Ef þið viljið byrja frá byrjun saumaraðarinnar færið þið bendilinn með því að nota bendils hnappana. (Örvartáknið hverfur).





ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWXYZÄÅÆÇÈÉĞİÖØŞÜ
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzäåæçèéğïöøşü0123456789:.-'&!/

ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWXYZÄÅÆÇÈÉĞİÖØŞÜ
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzäåæçèéğïöøşü0123456789:.-'&!/

ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWXYZÄÅÆÇÈÉĞİÖØŞÜ
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzäåæçèéğïöøşü0123456789:.-'&!/

ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWXYZÄÅÆÇÈÉĞİÖØŞÜ
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzäåæçèéğïöøşü0123456789:.-'&!/

АБВГДЕЁЖЗИЙКЛМНОПРСТУФХЦЧШЩЪЫЬЭЮЯ
абвгдеёжзийклмнопрстуфхцчшщъыьэюя0123456789:.-'&!/

STILLA ÁFRAM OG AFTURÁBAK SPORIN

Allt eftir því hvaða efni þið eruð að sauma, gæti orðið nauðsynlegt að stilla afturábak og áfram sporin.

Slík stilling er nauðsynleg þegar skrautsaumarnir eða bókstafirnir verða bjagaðir.


Snúið skrúfunni sem er undir vélinni í aðra hvora áttina eftir þörfum.

SKRAUTLEG MYNSTUR

1. Ef mynstrið er bjagað eins og sýnt er á mynd a, snúið þið skrúfunni í áttina að (+).
2. Ef mynstrið er bjagað eins og sýnt er á mynd b, snúið þið skrúfunni í áttina að (-).

STAFRÓFS MYNSTUR

1. Ef mynstrið er bjagað eins og sýnt er á mynd c, snúið þið skrúfunni á áttina að (+).
2. Ef mynstrið er bjagað eins og sýnt er á mynd d, snúið þið skrúfunni á áttina að (-).



VIÐHALD



HÆTTA: Til að minnka áhættu á rafstuði

Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn áður en þið farið að vinna að viðhaldi á henni.

HREINSUN

Ef ló og tvínaendar hafa safnast fyrir á grípara-svæðinu getur það haft áhrif á að vélin vinni rétt. Athugið þetta reglulega og hreinsið svæðið.

A. Spóluhúsið

Fjarlægið lokið yfir spólunni og spóluna sjálfa. Hreinsið spóluhúsið með burstanum.

B. Gríparadrifið og flytjarinn

1. Fjarlægið nálina, saumfótinn og fóthölduna. Fjarlægið lokið yfir spólunni og spóluna sjálfa. Fjarlægið skrúfurnar sem halda stingplötunni.
2. Fjarlægið stingplötuna með því að lyfta henni upp hægra megin.
3. Lyftið spóluhúsinu og fjarlægið það.
4. Hreinsið gríparadrifið og flytjarann með bursta. Hreinsið þessa hluti með hreinum og mjúkum klút.
5. Setjið spóluhúsið aftur á sinn stað og gætið þess að hakið (a) nemi við stopparann (b) eins og sýnt er.
6. Setjið stingplötuna aftur á sinn stað eins og myndin sýnir og festið skrúfurnar sem halda henni.

Ath:

- * Díóðu ljós er notað til að lýsa upp saumflötinn og það þarf ekki að skipta um þær. Í því ólíklega tilviki að ekki kvikni á þeim, hafið þá samband við Singer umboðið á staðnum.
- * Það er ekki nauðsyn að smyrja þessa vél.

A

B

1

2

3


4

5

6

Skilaboð á skjánum

1. Spólað á spóluna.
2. Lækkið arminn fyrir hnappagöt
3. Eftir að hafa saumað hnappagat, lyftið fætinum og togið rammann fram fyrir næsta gat.
4. Takið fótinn af fótmtótstöðunni.
5. Lækkið saumfótinn.
6. Minni vélarinnar tekur ekki við meiru
7. Veljið mynstur.
8. Sleppið afturábak hnappnum.
9. Sleppið "start/stop" hnappnum.
- 10.Þræðið yfirtvinnann á ný.
- 11.Fótmtótstaðan er tengd.
- 12.Sleppið "nálin uppi-niðri/hægt" hnappnum.
- 13.Sleppið tvinnaklippu hnappnum
- 14.Slökkvið á vélinni.



GANGTRUFLANIR

VANDAMÁL	ORSÖK	LAUSN	Bls
yfirtvinninn slitnar	Vélin er ekki rétt þrædd.	Þræðið vélina á ný.	16
	Tvinni flæktur í gríparanum.	Fjarlægð flæktan tvinna.	15
	Nálin ekki rétt sett í vélina.	Setjið nálna rétt í vélina.	8
	Tvinnaspennan er of stíf.	Stillið spennuna.	21
	Tvinni lélegur eða gamall.	Notið góðan tvinna.	8
Undirtvinninn slitnar	Spólan ekki rétt þrædd.	Þræðið vélina á ný.	15
	Ójafnt spólað á spóluna.	Spólið aftur á spóluna.	14
	Óhreinindi í spóluhúsinu.	Hreinsið.	50
Vélin hleypur yfir	Nálin ekki rétt sett í.	Setjið nálna rétt í vélina	8
	Bogin eða oddlaus nál.	Setjið nýja nál í vélina.	8
	EKKI réttur grófleiki af nál.	Veljið rétta nál fyrir efnið	8
	(á teygjanlegum efnum)	(notið “stretch” nálar)	
Efnið rykkist	Vélin ekki rétt þrædd.	Þræðið vélina á ný.	16
	Spólan ekki rétt þrædd.	Þræðið spóluna á ný.	15
	Nálin oddlaus.	Setjið nýja nál í vélina.	8
	Tvinnaspennan of laus.	Stillið tvinnaspennuna.	21
Sporið er með lausar lykkjur og ljótt spor	Spólan ekki rétt þrædd.	Þræðið spóluna á ný.	15
	Vélin ekki rétt þrædd.	Þræðið vélina á ný.	16
	Tvinnaspennan ekki rétt stillt.	Stillið tvinnaspennuna.	21
Saumurinn er bjagaður	Saumfóturinn hentar ekki saumnum.	Notið réttan saumfót.	25
	Tvinnaspennan er ekki rétt stillt.	Stillið tvinnaspennuna.	21
	áfram og afturábak spor ekki í jafnvægi.	Stillið áfram og afturábak sporin	49
Þræðarinn þræðir ekki nálna	Nálin er ekki uppi.	Setjið nálna í efstu stöðu	10
	Nálin ekki rétt í vélinni.	Setjið nálna rétt í vélina.	8
	Bogin nál.	Setjið nýja nál í vélina.	8
Vélin flytur illa	Flytjarinn ekki í sambandi	Setjið flytjarann í samband	11
	Sporlengd ekki rétt fyrir efnið.	Stillið sporlengdina.	23
	Ló og óhreinindi við flytjarann.	Hreinsið flytjarasvæðið.	50
Nálin brotnar	Togað er í efnið þegar saumað er.	Togið ekki í efnið.	18
	Nálin rekst í saumfótninn.	Veljið réttan saumfót og saum.	25
	Nálin ekki rétt í vélinni.	Setjið nálna rétt í vélina	16
	EKKI réttur grófleiki af nál eða tvinna	Veljið réttan grófleika af nál og	8
	fyrir efnið sem verið er að sauma.	tvinna.	8
Vélin gengur þunglega	Óhreinindi og ló hafa safnast saman í gríparasvæðinu og flytjaranum	Fjarlægð stingplötuna og spóluhölduna og hreinsið gríparasvæðið og flytjarann.	50
Vélin fer ekki í gang	Rafleiðslan ekki tengd við rafmagn .	Tengið vélina við rafmagn.	9
	EKKI kveikt á aðalrofanum.	Kveikið á rofanum.	9
	Spólaranum hefur verið ýtt til hægri.	Ýtið spólaranum til vinstri.	14
	Saumfótur er ekki niðri	Lækkið saumfótninn.	10
	Vélin stillt á hnappagata aðgerð		
	* Armur fyrir hnappagat ekki alveg niðri.	Lækkið arminn alveg niður.	34
	* Hnappagatafótur ekki á vélinni.	Setjið hnappagatafótninn á vélina	34

